



# Áhugahvetjandi samtöl innan réttarvörslu-kerfisins – samfélagslegur ávinningur

*Karen Dröfn Hafþórsdóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands  
Íris Eik Ólafsdóttir, réttarfélagsráðgjafi MA og fjölskyldufræðingur hjá  
Domus Mentis – geðheilsustöð*



Karen Dröfn Hafþórs-  
dóttir



Íris Eik Ólafsdóttir

Í þessari grein verður fjallað um nálgunina áhugahvetjandi samtöl (e. motivational interviewing) og hvernig má nýta hana á árangursríkan hátt innan réttarvörslu-kerfisins. Farið verður yfir helstu þætti sem aðferðin er byggð á og það hvernig starfsmenn réttarvörslu-kerfisins, sér í lagi fangaverðir, geta beitt henni með brot-  
mönnum í daglegu starfi undir handleiðslu félagsráð-  
gjafa. Greinin er byggð á niðurstöðum BA-ritgerðar Karenar Drafnar Hafþórsdóttur, meistaranema í félags-  
ráðgjöf og fangavarðar, um notkun nálgunarinnar inn-  
an réttarvörslu-kerfisins og þann samfélagslega ávinn-  
ing sem hlotist getur af innleiðingu aðferðarinnar í  
réttarvörslu-kerfinu hér á landi. Leiðbeinendur voru  
Steinunn Hrafnasdóttir og Íris Eik Ólafsdóttir.

## Hugmyndafræði

Það getur reynst okkur mannfólkinu torvelt að breyta eigin hegðun til batnaðar. Brotamenn eru þar engin undantekning, en þar sem algengt er að sá hópur glími við fjölpættan vanda getur það reynst einstaklingum innan hans ærið verkefni að ætla að breyta eigin hegðun til betri vegar (Britt, 2014; Farbring og Johnson, 2008). Í ljósi þess er mikilvægt að beita gagnreynðum aðferðum í vinnu með brotamennum þegar auðveldi á þeim aðlögun að viðmiðum samfélagsins (Britt, 2014).

Hugmyndin um áhugahvetjandi samtöl á að hluta til upptök sín í hugsmíðum Carls Rogers um form einstaklingsmiðaðrar ráðgjafar (e. client-centered

therapy), sem settar voru fram árið 1953. Þær sneru að því að ráðgjöf skyldi vera leiðbeinandi fremur en stýrandi auk þess að komist yrði hjá tvíþendni (e. ambivalence), því að um sé að ræða tvær leiðir sem báðar hafi ákveðna kosti og galla í för með sér fyrir einstaklinginn. Rogers lagði áherslu á frelsi og sjálf-  
ræði einstaklingsins í meðferð, en hugmyndir hans áttu síðar eftir að verða meginuppistaðan í klínískri nálgun Williams Miller og Stephens Rollnick, prófessora í sálfræði, þar sem áhugahvetjandi samtöl eru notuð (Miller og Rollnick, 1991, 2013; Rogers, 1951; Rubak, Sandbæk, Lauritzen og Christensen, 2005). Miller og Rollnick þróuðu í sameiningu nákvæma for-  
skrift að meðferðarnálgun en markmiðið með henni var að ná fram hegðunarbreytingum til batnaðar (Miller og Rollnick, 2009, 2013; National Institution of Corrections, 2012, Rubak o.fl., 2005). Í dag er að-  
ferðin áhugahvetjandi samtöl orðin vel viðurkennd þegar kemur að hvers kyns meðferðarstarfi. Vinsældir nálgunarinnar má að nokkru leyti rekja til þess að um er að ræða svokallaða skammtímaaðferð (e. short-term) sem auðvelt er að tileinka sér, en viðtölin eru alla jafna óformleg og fara fram í umhverfi viðkomandi einstak-  
lings (Lundahl, Kunz, Brownell, Tollefson og Burke, 2010; Miller og Rollnick, 2013).

Nálgunin áhugahvetjandi samtöl er gjarnan nefnd í samhengi við hið svokallaða þverkenningslíkan um breytingar á hegðun (e. transtheoretical model of behavioral change). Líkanið er samsett úr fjórum þáttum, breytingaþrepum (e. stages of change), breytinga-  
ferlum (e. processes of change), ákvörðunarvog (e. decisional balance) og trú á eigin getu (e. self-efficacy). Með breytingaþrepum er átt við að litíð sé á breytingar til batnaðar sem ferli innan ákveðins tíma fremur en sem afmarkaðan atburð. Breytingaferli (e. processes of change) hjálpa til við að skilja hvenær og hvers kyns breytingar eiga sér stað hjá einstaklingum. Þá snýst ákvörðunarvogin um það að einstaklingurinn metur



kosti og galla fyrirliggjandi breytinga, en trú á eigin getu lýtur að því að viðkomandi trúir því sannarlega að hann sé hæfur til að geta breytt hegðun sinni (Norcross, Krebs og Prochaska, 2010; Prochaska, Diclemente og Norcross, 1992; Toman og Hawkins, 2008; Velicer, Prochaska, Fava, Norman og Redding, 1998). Algengt er að fagaðilar styðjist við þverkenningalíkanið þegar meta á hvar í breytingaferlinu skjólstæðingar þeirra eru staddir og þeir taki mið af því í samtölum sínum við þá (Miller og Rollnick, 2013).

Markmiðið með notkun áhugahvetjandi samtala er fyrst og fremst að ná að laða fram hvata hjá einstaklingum í þeim tilgangi að auka vilja þeirra til breytinga (Miller og Rollnick, 2013; Taxman, Walters, Sloas, Lerch og Rodriguez, 2015). Nálgunin er byggð á fjór- um undirstöðuatriðum, en með samspili þeirra má vænta hámarksárangurs af notkun hennar (Britt, 2014; Miller og Rollnick, 2012, 2013). Ber þar fyrst að nefna skuldbindingu (e. engagement), en það að skapa traust meðferðarsamband á milli ráðgjafa og einstaklings er eitt af frumskilyrðum þess að tilskilinn árangur náist (Britt, 2014; Miller og Rollnick, 2013; Miller og Rollnick, 2012; Rogers, 1951). Einbeitni (e. focusing) er einnig lykilatriði þegar kemur að notkun áhugahvetjandi samtala, en í henni felst að ráðgjafi og einstaklingur beina athyglinni í sameiningu að styrkleikum einstaklingsins og byggja breytingarnar á þeim (Britt, 2014; Miller og Rollnick, 2013; Miller og Rollnick, 2012). Svokölluð framköllun (e. evoking) snýr að því að laða fram undirliggjandi hvata og langanir viðkomandi til breytinga. Þegar hann finnur fyrir þeim hvata sem til þarf til að breyta fer gerð áætlunar (e. planning) fram, en þar eru hugmyndir hans að breytingum og framkvæmd þeirra skrásettar (Britt, 2014; Miller og Rollnick, 2013; Miller og Rollnick, 2012).

**Hvers vegna áhugahvetjandi samtöl og að hverju þarf að huga við innleiðingu í daglegu starfi?**

Eftir því sem áhugi á aðferðinni hefur farið vaxandi hefur rannsóknnum sem sýna fram á árangur af notkun hennar við að draga úr afbrotum fjölgað. Einnig má segja að með tíð og tíma hafi skilningur á notkun hvatningar til árangurs innan fangelsiskerfisins aukist til muna (Austin, Williams og Kilgour, 2011; Britt, 2014; Lundahl o.fl., 2010). Þannig hafa niðurstöður rannsókna sýnt fram á að aðferðin hentar einkar vel í vinnu með einstaklingum sem lifa á skjön við gildi samfélagsins og eru tregir til að breyta eigin hegðun til batnaðar, eins og algengt er á meðal skjólstæðinga rétt-

arvörslukerfisins (McMurrans, 2009; Rubak o.fl., 2005; Lundahl o.fl., 2010; Britt, 2014).

Mikilvægt er að þeir sem sinna brotamönnum reyni eftir fremsta megni að miða starfið að því að koma í veg fyrir frekari brot (Alexander, VanBenschoten og Walters, 2008). Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að það hvernig sambandi á milli fangavardar og afplánunarfanga er háttáð getur skipt sköpum um árangur fangans (Britt, 2014; Lundahl o.fl., 2010; McMurrans, 2009; Rubak o.fl., 2005). Einnig hafa niðurstöður rannsókna bent til þess að árangur brotamanna að lokinni afplánun megi að hluta rekja til gæða meðferðarsambands brotamanns og fangavardar á meðan á afplánun stóð (Alexander o.fl., 2008).

Áhugahvetjandi samtöl hafa í síauknum mæli verið innleidd í stofnunum innan réttarvörslukerfisins, ekki síst í fangelsunum, þar sem notkun nálgunarinnar er víða orðin þáttur í daglegu starfi. Slíkt hefur gefist einkar vel, en sýnt hefur verið fram á að með markvissri notkun nálgunarinnar innan réttarvörslukerfisins, þar sem gjarnan er unnið með krefjandi og ósamvinnuþýða einstaklinga, megi draga úr afbrotum og þar með endurkomutíðni í fangelsi. Þá hafa niðurstöður rannsókna leitt í ljós að með markvissri notkun nálgunarinnar, þar sem byggt er á samvinnu fangavardar og brotamanns, megi draga úr tilfinningalegri örmögnun eða kulnun í starfi á meðal fangavarda, en slíkt ástand er alþekkt meðal þeirra (Britt, 2014; National Institute of Corrections, 2012).

Við innleiðingu gagnreyndra aðferða í stofnunum innan réttarvörslukerfisins er lykilatriði að sjá til þess að starfsfólk kerfisins fái viðeigandi þjálfun í beitingu slíkra aðferða (Alexander o.fl., 2008; Hartzler og Espinosa, 2011; National Institute of Corrections, 2012). Aðilar innan Alþjóðabetrunarstofnunarinnar (e. National Institute of Corrections) hafa til að mynda sett fram leiðbeiningar um hvernig innleiða megi nálgunina áhugahvetjandi samtöl sem víðast í réttarvörslukerfinu (Hartzler og Espinosa, 2011; National Institute of Corrections, 2012; Walters, Clark, Gingerich og Meltzer, 2007). Þá hefur verið sýnt fram á að mikill ávinningur getur hlotist af því fyrir stofnanir í heild að starfsfólk réttarvörslukerfisins fái þjálfun í beitingu áhugahvetjandi samtala (Campell, Sellen og McMurrans, 2010). Í ljósi þess að vinnuaðferðir félagsráðgjafa byggjast á mannúð, virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og því að hver og einn einstaklingur sé sérfræðingur í eigin lífi má ætla að félagsráðgjafar séu einkar vel í stakk búnir til að handleiða og þjálfa starfsfólk réttarvörslukerfisins



í að beita nálguninni áhugahvetjandi samtöl (Wahab, 2005).

Velta má því fyrir sér hversu umfangsmikla þjálfun og fræðslu starfsmenn þurfa til að nota megi nálgunina markvisst í daglegu starfi. Rannsókn Hohmanns (2009) sýndi til að mynda fram á að einungis þriggja daga fræðsla um nálgunina og beitingu hennar, ætluð starfsfólki réttarvörslukerfisins, skilaði markverðum árangri í almennri þekkingu á nálguninni og í því að beita svokallaðri virkri hlustun (e. active listening). Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að þó styttri námskeið gefi alla jafna góða raun sé æskilegt að starfsfólk fái viðhaldsþjálfun og reglulega endurgjöf á notkun nálgunarinnar (Alexander o.fl., 2008). Sem dæmi má nefna að Miller og Mount (2001) fylgdu námskeiðum sínum fyrir starfsfólk réttarvörslukerfisins eftir með fjögurra mánaða viðhaldsþjálfun sem skilaði markverðum árangri (Campell o.fl., 2010).

Mikilvægt er að þeir sem hljóta þjálfun í því að beita áhugahvetjandi samtölum þekki vel nokkur lykiliatriði hugmyndafræðinnar. Ber þar fyrst að nefna að geta sýnt samkennd (e. express empathy), en slíkt telst vera lykiliþáttur í því að reyna að auka áhugahvöt einstaklinga. Ráðgjafi, í þessu tilviki starfsmaður réttarvörslukerfisins, þarf að haga samtölum þannig að einstaklingurinn upplifi skilning af hans hálfu. Með því má draga úr líkum á andstöðu gegn breytingum til batnaðar (e. develop discrepancy) og gera viðkomandi kleift að átta sig á innri hvata (Alexander o.fl., 2008; Lundahl o.fl., 2010; Miller og Moyers, 2006; National Institute of Corrections, 2012). Það að geta fengið einstaklinga til að horfast í augu við eigin hegðun og gildi er einnig mikilvægur þáttur við beitingu nálgunarinnar. Þá verður ráðgjafi að vera fær um að sýna því skilning að einstaklingar eru misjafnlega fúsir til að breyta eigin hegðun. Þar af leiðandi er til þess ætlast af ráðgjafanum að hann gangi ekki of hart fram (e. roll with resistance) og að hann forðist að lenda í deilum við einstaklinginn. Hjálpar til sjálfshjálpar (e. support self-efficacy) er einnig höfð að leiðarljósi, en þannig má auka sjálfstraust viðkomandi einstaklings, og það eykur líkur á að tilætlaður árangur náist (Alexander o.fl., 2008; Lundahl o.fl., 2010; Miller og Moyers, 2006; National Institute of Corrections, 2012).

Með svokölluðu breytingatali (e. change talk) vegur einstaklingurinn og metur þá kosti sem breytingarnar geta haft í för með sér, en mikilvægt er að ráðgjafi viðhaldi slíku tali ef hann verður þess var hjá viðkomandi (Britt, 2014; Miller og Moyers, 2006; Miller og Rollnick, 2013; National Institute of Corrections,

2012). Það er kallað viðhaldstal (e. sustain talk) þegar líklegt er að viðkomandi sé ekki nægilega vel búinn undir að stíga skrefið í átt að breytingum og lofar ástandið eins og það er (Britt, 2014; Miller og Moyers, 2006; Miller og Rollnick, 2013; Miller og Rollnick, 2012; Miller og Rose, 2009; National Institute of Corrections, 2012). Þá lýtur hugtakið tvíbendni (e. ambivalence), sem lýsir aðstæðum sem algengt er að brotamenn finni fyrir, að því að ákveðinn vilji sé til að gera breytingar en um leið vafi. Þegar vart verður við tvíbendni hjá einstaklingi er mikilvægt að ráðgjafi beiti virkri hlustun og sé leiðbeinandi og ráðgefandi (Miller og Rollnick, 2013).

### Kanadíska fangelsiskerfið og áhugahvetjandi samtöl

Innan kanadíska fangelsiskerfisins hefur það lengi verið lykilþáttur í allri endurhæfingu að virkja áhugahvöt brotamanna. Árið 2003 átti sér stað stefnumörkun innan fangelsiskerfisins þar í landi þegar áætlun um notkun áhugahvetjandi íhlutunar (e. motivational based intervention strategy) var innleidd í sex öryggisstofnunum þar sem hámarksöryggisstaðlar gilda. Var það gert til að mæta kröfum sem geta fylgt störfum innan stofnana þar sem hámarksöryggisstaðlar gilda og til að efla jákvæð samskipti fangavarda og brotamanna. Þá var hugsunin með innleiðingunni að reyna, með notkun áhugahvetjandi íhlutunar, að draga úr því að fangar væru settir í aðskilnað frá öðrum föngum. Starfsfólk Kent-fangelsisins í Kanada innleiddi áætlunina um notkun áhugahvetjandi íhlutunar að fullu og uppskar í kjölfarið mun betri heildarárangur en aðrar stofnanir réttarvörslukerfisins þar í landi. Síðan áætlunin var innleidd hefur hún verið fastur liður í starfinu innan Kent-fangelsisins, en lögð er sérstök áhersla á að viðhalda þjálfun starfsfólks fangelsisins í að beita íhlutuninni. Umrædd íhlutun samanstendur af áhugahvetjandi samtölum við brotamenn, fræðslu fyrir starfsmenn sem og þjálfun þeim til handa í því að beita nálguninni. Markmið starfsþjálfunarinnar er að auka vitund og skilning fangavarda á því breytingaferli sem brotamenn fara alla jafna í gegnum, en með því má stuðla að jákvæðara umhverfi fyrir starfsfólk og afplánunarfanga. Þar sem algengt er að brotamenn búi yfir litlum hvata til breytinga er komið inn á nauðsynlegan stuðning og hvatningu sem fangaverðir geta veitt brotamönnum, en slíkur stuðningur er talinn vera lykiliþáttur í breytingaferlinu. Færninámskeiðið snýr svo að því að fangaverðir nái að laga brotamenn að fangelsisumhverfinu með því að leggja áherslu á sjálfsstjórn og félagsfærni. Færnin sem fangaverðir öðlast í íhlutunarferlinu á að stuðla



að bættum viðhorfum og hegðun brotamanna, draga úr agabrotum innan fangelsanna og hvetja brotamenn til aukinnar virkni, sem síðan eykur líkurnar á árangri þegar komið er út í frelsið (Yates og Garrow, 2010).

**Áhugahvetjandi samtöl og íslenskt fangelsiskerfi**

Þegar litið er til þess hvort nýta megi nálgunina áhugahvetjandi samtöl innan fangelsanna hér á landi og miðað við starfslýsingu fangavarða bendir margt til þess að notkun nálgunarinnar henti einkar vel við dagleg störf þeirra. Þá er meginmarkmiðið með lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 að föngum sé tryggð örugg afplánun, að mannúðleg og virðingarverð samskipti séu höfð í forgrunni og að aðstæður og umhverfi innan fangelsanna hvetji fanga til bættra lífshátta (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d; Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016). Í starfslýsingu Fangelsismálastofnunar, ætlaðri fangavörðum í fangelsunum að Litla-Hrauni og Sogni, segir að í eftirliti fangavarða felist meðal annars að eiga samskipti við fanga eins og frekast er unnt (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2012). Í ljósi þessa má ætla að áhugahvetjandi samtöl gætu komið að góðum notum innan fangelsanna.

Ýmis atriði laga og reglugerða er snúa að störfum fangelsa landsins benda einnig til þess að notkun nálgunarinnar geti fallið vel að starfsemi. Í 9. grein laga um fullnustu refsinga segir til að mynda að Fangelsismálastofnun skuli sjá til þess að fangaverðir hljóti viðhlítandi menntun og þjálfun í fangavarðafraeðum þegar þörf er á. Mætti því með góðu móti fella þjálfun í beitingu áhugahvetjandi samtala hér undir. Þá segir í stofnanasamningi Fangelsismálastofnunar ríkisins og Starfsmannafélags Reykjavíkur (SFR) að styrkja skuli fagmennsku starfsmanna sem sinna störfum innan fangelsanna og að til endurmenntunar fangavarða megi verja allt að 20 tímum á ári hverju. Það gefur einnig tilefni til að innleiða nálgunina (Stofnanasamningur Fangelsismálastofnunar ríkisins og SFR stéttarfélags í almannaþjónustu, 2005).

Guðmundur Gíslason (2001) bendir réttilega á þá staðreynd að leggja þurfi aukna áherslu á meðferðar- og umönnunarsjónarmið sem og endurhæfingu í starfi innan fangelsanna. Með það að markmiði má vera ljóst að áhugahvetjandi samtöl hljóta að henta vel í vinnu með föngum. Erlendur Baldursson (2000) bendir enn fremur á að starfsemi smærri fangelsa, eins og hér á landi, hafi ýmsa kosti í för með sér, svo sem mun meira návígi fangavarða og fanga, en þar með verði vandi hvers einstaklings sýnilegri og því auðveldara að með-

höndla hann. Með það í huga ætti íslenskt fangelsiskerfi að hafa alla burði til að innleiða nálgunina.

**Lokaorð**

Hér hafa hugmyndafræðinni um áhugahvetjandi samtöl verið gerð skil, þeim þáttum sem vert er að hafa í huga við beitingu nálgunarinnar og því hvernig starfsfólk innan réttarvörslukerfisins, sér í lagi fangaverðir undir handleiðslu félagsráðgjafa, getur beitt nálguninni í starfi sínu með brotamönnum. Einnig hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að innleiða nálgunina í íslensku fangelsiskerfi, svo auka megi hvata brotamanna til að breyta hegðun sinni til batnaðar og þar með uppskera samfélagslegan ávinning. Það gefur augaleið að ef gott samstarf er á milli fangavarða, fanga og utanaðkomandi aðila hlýst ávinningur af starfinu. Fangelsiskerfið á að byggjast á mannúð og virðingu og því er lykilatriði að jafnræði ríki á milli starfsfólks og brotamanna ef skapa á gott umhverfi. Þá ber fangelsisyfirvöldum að leggja sitt af mörkum til að stuðla að því að brotamenn geti notað afplánunarvistina á uppbyggilegan hátt og þar með aukið lífsgæði sín að afplánun lokinni.

Að mati greinarhöfunda er lykilatriði að efla þekkingu starfsfólks fangelsanna á þeim fjölbætta vanda sem algengt er að einstaklingar sem sæta fangavist glími við. Einnig telja greinarhöfundar að það sé nauðsynlegt að starfsmenn þekki leiðir og gagnreyndar aðferðir, eins og nálgunina áhugahvetjandi samtöl, sem nota megi til að meðhöndla vandann á sem bestan máta. Þannig má vinna að lausn mála í samvinnu við aðrar fagstéttir og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu í formi námskeiða eða jafnvel auka við tilskilið nám fangavarðaskólans. Þá væri hægt að leggja aukna áherslu á samskipti fanga og fangavarða, en þess má geta að fyrirhugað er að efni BA-ritgerðarinnar sem greinin er byggð á verði hluti af lesefni fangavarðaskólans á komandi misserum.

Miðað við starfslýsingu Fangelsismálastofnunar ríkisins á fangavarðarstarfinu og þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna íslensks réttarvörslukerfis getur ekkert verið því til fyrirstöðu að fangelsisyfirvöld íhugi af alvöru innleiðingu áhugahvetjandi samtala í íslensku réttarvörslukerfi, ekki síst á meðal fangavarða. Innan fangelsanna fer fram margbreytilegt starf sem miðar að því að styðja fanga sem best, en með innleiðingu nálgunarinnar má gera gott starf enn betra og þar með uppskera ávinning fyrir almenning og samfélagið í heild.



## Heimildir

- Alexander, M., VanBenschoten, S. W. og Walters, S. T. (2008). Motivational interviewing training in criminal justice: Development of a plan. *Federal Probation*, 72(2), 61–66.
- Austin, K. P., Williams, M. W. M. og Kilgour, G. (2011). The Effectiveness of motivational interviewing with offenders: An Outcome Evaluation. *New Zealand Journal of Psychology*, 40(1), 55–67.
- Britt, E. (2014). Motivational interviewing: A useful skill for correctional staff? *Practice – The New Zealand Corrections Journal*, 2(2), 5–9.
- Campbell, J., Sellen, J. L. og McMurran, M. (2010). Personal aspirations and concerns inventory for offenders: developments in the measurement of offenders' motivation. *Criminal Behaviour and Mental Health*, 20, 144–157.
- Erlendur Baldursson. (2000). Prisoners, prisons and punishment in small societies. *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 1, 6–15.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.) *Meginmarkmið með fangelsun*. Sótt af <http://www.fangelsi.is>.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2012). *Starfslýsing fangavarða í fangelsunum að Lilla-Hrauni og Sogni*.
- Farbring, C. A. og Johnson, W. R. (2008). Motivational interviewing in the correctionals system: An attempt to implement motivational interviewing in criminal justice. Í H. Arkowitz, H. A. Westra, W. R. Miller og S. Rollnick (ritstj.). *Motivational interviewing in the treatment of psychological problems* (bls. 304-323). New York: The Guilford Press.
- Guðmundur Gíslason. (2001). Fangelsismál, horft til framtíðar. *Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins*. Sótt af [www.fangelsi.is/media/skjol/Arsskyrsla-FMS-fyrir-arid-2000.pdf](http://www.fangelsi.is/media/skjol/Arsskyrsla-FMS-fyrir-arid-2000.pdf)
- Hartzler, B. og Espinosa, E. M. (2011). Moving criminal justice organizations toward adoption of evidence-based practice via advanced workshop training in motivational interviewing: A research note. *Criminal Justice Policy Review*, 22(2), 235–253.
- Hohman, M., Doran, N. og Koutsenok, I. (2009). Motivational interviewing training for juvenile correctional staff in California: One year initial outcomes. *Journal of Offender Rehabilitation*, 28, 635–648.
- Lög um fullnustu refsinga* nr. 49/2005.
- Lundahl, B. W., Kunz, C., Brownell, C., Tollefson, D. og Burke, B. L. (2010). A Meta-analysis of motivational interviewing: Twenty-Five Years of Empirical Studies. *Research on Social Work Practice*, 20(2), 137–160. doi:10.1177/1049731509347850 [rswp.sagepub.com](http://rswp.sagepub.com)
- McMurran, M. (2009). Motivational interviewing with offenders: A systematic review. *Legal and criminological Psychology*, 14, 83–100.
- Miller, W. R. og Mount, K. A. (2001). A small study of training in motivational interviewing: Does one workshop change clinician and client behavior? *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, 29, 457–471.
- Miller, W. R. og Rollnick, S. (2009). Ten things that motivational interviewing is not. *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, 37, 129–140.
- Miller, W. R. og Rollnick, S. R. (2012). *Motivational interviewing: Preparing people to change behaviour*. 3. útgáfa. New York: The Guilford Press.
- Miller, W. R. og Rollnick, S. R. (2013). *Motivational interviewing – helping people change*. New York: The Guilford press.
- Miller, W. R. og Rose, G. S. (2009). Toward a theory of motivational interviewing. *American Psychologist*, 64, 527–537.
- Miller, W. R. og Moyers, T. B. (2006). Eight stages in learning motivational interviewing. *Journal of Teaching in the Addictions*, 5(1), 3–17.
- National Institute of Corrections. (2012). *Motivational interviewing in corrections, a comprehensive guide to implementing MI in corrections*. Sótt af [www.s3.amazonaws.com/static.nicic.gov/Library/025556.pdf](http://www.s3.amazonaws.com/static.nicic.gov/Library/025556.pdf)
- Norcross, J. C., Krebs, P. M. og Prochaska, J. O. (2010). Stages of change. *Journal of Clinical Psychology*, 67(2), 143–154. doi:10.1002/jclp.20758
- Prochaska, J. O., DiClemente, C. C. og Norcross, J. C. (1992). In search of how people change: Application to addictive behaviors. *American Psychologist*, 47(9), 1102–1144.
- Rogers, C. (1951). *Client-centred therapy. Its current practice, implications, and theory*. Boston: Houghton Mifflin.
- Rubak, S., Sandbæk, A., Lauritzen, T. og Christensen, B. (2005). Motivational interviewing: a systematic review and meta-analysis. *British Journal of General Practice*, 55(513), 305–312.
- Skeem, J., Encandela, J. og Eno Loudon, J. (2003). Perspectives on probation and mandated mental health treatment in specialized and traditional probation departments. *Behavioral Sciences and the Law*, 21, 429–458.
- Skeem, J., Eno Loudon, J., Polaschek, D. og Camp, J. (2007). Assessing relationship quality in mandated community treatment: Blending care with control. *Psychological Assessment*, 19(4), 397–410.
- Stofnanasamningur Fangelsismálastofnunar ríkisins og SFR stéttarfélags í almannahjónustu*. (2005). Sótt af [www.sfr.is/library/Kjarasvid/Kjarasamningar/Riki/Stofnanasamningar-juni-2017/Fangelsismalastofnun%20r%C3%ADkisins%202017.pdf](http://www.sfr.is/library/Kjarasvid/Kjarasamningar/Riki/Stofnanasamningar-juni-2017/Fangelsismalastofnun%20r%C3%ADkisins%202017.pdf)
- Taxman, F. S., Walters, S. T., Sloas, L. B., Lerch, J. og Rodriguez, M. (2015). Motivational tools to improve probationer treatment outcomes. *Contemporary Clinical Trials*, 43, 120–128.
- Toman, P. og Hawkins, K. (2008). Building a golden bridge for resistant sexual offenders. *Sexual Abuse in Australia and New Zealand*, 1(1), 20–27.
- Velicer, W. F., Prochaska, J. O., Fava, J. L., Norman, G. J. og Redding, C. A. (1998). Smoking cessation and stress management: Applications of the transtheoretical model of behavior change. *Homeostasis*, 38, 216–233.
- Wahab, S. (2005). Motivational interviewing and social work practice. *Journal of Social Work*, 5(1), 45–60.
- Walters, S. T., Clark, M. D., Gingerich, R. og Meltzer, M. (2007). *Moving offenders to change: A guide for probation and parole*. Washington, DC: National Institute of Corrections.
- Yates, P. M. og Garrow, L. (2010). *Correctional service canada's motivation based intervention strategy*. Sótt af [www.csc-scc.gc.ca/publications/005007-2009-eng.shtml](http://www.csc-scc.gc.ca/publications/005007-2009-eng.shtml)